

Styrkumsókn til Kópavogsbæjar

Matthildur, samtök um skaðaminnkun sækja um styrk fyrir rekstur á verkefninu *Matthildarteymið*, sem veitir lágþröskulda skaðaminnkandi þjónusta og geðheilbrigðisaðstoð til fólks á fyrri stigum vímuefnanotkunar og andlegrar vanlíðanar, fyrir rekstrarárið 2025.

Samtökin óska eftir 850.000 kr.

Matthildarsamtökin

Matthildur, samtök um skaðaminnkun voru stofnuð í apríl 2022 og eru stjórnarmeðlimir sjö. Tilgangur Matthildarsamtakana er að auka þekkingu og vinna að framgangi skaðaminnkandi inngripa og úrræða á Íslandi. Að standa vörð um mannréttindi fólks sem notar vímuefni og stuðla að samstarfi við skaðaminnkunarsamtök og skaðaminnkandi úrræði á norðurlöndum og á alþjóðavísu. Formaður samtakana er Svala Jóhannesdóttir sem er jafnframt tengiliður Íslands hjá Evrópsku skaðaminnkunarsamtökunum.

Matthildarsamtökin hafa fengið styrki frá hinu opinbera og félagasamtökun við rekstur á nýjum skaðaminnkandi úrræðum, þau eru;

- *Reykur*, færanleg skaðaminnkandi þjónusta fyrir fólk sem reykir ópíóíða og örvandi vímuefni. Verður sett á laggirnar í febrúar 2025.
- *Matthildarteymið*, skaðaminnkandi þjónusta og geðheilbrigðisaðstoð á fyrri stigum. Stofnað í maí 2025.
- *Heimsíða* um öruggari vímuefnanotkun, varnir gegn ofskömmtnun og upplýsingar um úrræði. Verður opnuð í maí 2025.

Um Matthildarteymið

Matthildarteymið, er sérhæft teymi sem veitir lágþröskulda skaðaminnkandi þjónustu, heilbrigðisaðstoð og sálrænan stuðning í skemmtana- og tónlistarlífinu á Íslandi. Þjónustan er öll að kostnaðarlausu og í nafnleynd. Verkefnið leggur áherslu á að skapa öruggt rými fyrir fólk, þar sem það getur átt heiðarleg samtöl um vímuefnanotkun sína, andlegan vanlíðan og geðrænar áskoranir.

Markmiðið er að veita fólki sem notar áfengi og vímuefni, aðgang að skaðaminnkandi þjónustu á fyrri stigum vímuefnanotkunar. Teymið veitir fræðslu og leiðbeiningar um öruggari vímuefnanotkun, skaðaminnkandi búnað og aðgang að vímuefnaprófum. Einnig dreifir verkefnið naloxone nefúða og veitir fræðslu um áhættur ópíóíðanotkunar.

Markmiðið er einnig að veita fólki sem glímur við andlegan vanlíðan og geðrænar áskoranir, líkt og sjálfsvígshugsanir, kvíða og afleiðingar ofbeldis, aðgang að góðum sálrænum stuðningi og aðstoð við að taka skref í viðeigandi heilbrigðis- og félagsþjónustu. Teymið veitir fræðslu um úrræði og tilvísanir m.a. í Bergið, Píeta, Bjarkarhlíð, ráðgjafþjónustu Samtaka 78, SÁÁ og bráðamóttöku geðsviðs.

Markmiðið með Matthildarteyminu er að ná til fólks á fyrri stigum vímuefnanotkunnar og andlegs vanlíðan, til að draga úr líkum að vandi fólks þróist og verði alvarlegri. Markmiðið er einnig að draga úr líkum á bráðatilfellum og dauðsföllum vegna ofskammtana/eitrana á

vímuefnum, að veita fólki stuðning og tól til að takast á við andlegan vanlíðan og tengja fólk mun fyrr við viðeigandi heilbrigðis- og félagsleg úrræði. *Verkefnið hefur sterka skírskotun í lýðheilsu og snýr að snemmtækum inngripum.*

Matthildarteymið sett á laggirnar í maí 2024

Matthildarteymið var sett á laggirnar í maí 2024 og veitti þjónustu á fimm tónlistarhátíðum og viðburðum í sumar, þ.á m. tveimur á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnastjóri teymisins er Svala Jóhannesdóttir og yfirhjúkrunarfræðingur er Hildur Harðardóttir, þær sinna starfinu í hlutastarfi. Tíu sjálfboðaliðar starfa í teyminu sem sóttu 12 klst námskeið og þjálfun í áfallamiðaðri nálgun, skaðaminnkun, þjónustuinngripum og sértækri skyndihjálp.

Tölfræði 2024

Í heildina voru um 200 heimsóknir og voru veitt 320 þjónustuinngrip, sumarið 2024. 41% skjólstæðingar voru á aldrinum 20-24 ára og 24% voru 25-29 ára. Í flestum tilfellum leitaði fólk vegna andlegrar vanlíðanar og vímuefnatengdra mála. Helsta þjónustan sem var veitt: Sálrænn stuðningur (45%), skaðaminnkandi fræðsla og vímuefnapróf (38%) og heilbrigðisþjónusta (35%) og fræðsla og tilvísanir (10%).

Auka starfsemi Matthildarteymis 2025

Matthildarteymis hefur fengið mjög góðar viðtökur og lýstu skjólstæðingar yfir hversu aðgengileg þjónustan væri, hvers hjálpleg hún hafi verið og að þau treysta teyminu. Skjólstæðingar kölluðu eftir að þjónustan yrðir einnig starfrækt á höfuðborgarsvæðinu í húsnaði með fasta opnunartíma.

Það er mikill vilji hjá Matthildarsamtökunum að svara kallinu og auka þjónustu teymisins. Samtökunum langar að veita öll þjónustuinngrip teymisins 1-2 í viku í húsnaði á höfuðborgarsvæðinu. Með því myndi aðgengi fólks að skaðaminnkandi þjónustu og geðheilbrigðaðstoð aukast verulega og einnig gæti starfsfólk fylgt eftir málum hjá skjólstæðingum og veitt þann stuðning sem þarf hverju sinni.

Með reglulegri þjónustu Matthildarteymis á höfuðborgarsvæðinu myndu samtökin auka samstarf við heilbrigðis- og félagsþjónustur á höfuðborgarsvæðinu, fjölga sjálfboðaliðum, auka starfshlutfall verkefnastjóra, hanna frekari fræðsluefni til skjólstæðinga og byggja upp samráð við notendur þjónustunnar.

Styrkir fyrir 2025

Samtökin hafa fengið 3 milljónir frá Geðhjálp og 650.000 kr frá Hafnarfjarðarbæ til að reka þjónustu Matthildarteymis á Höfuðborgarsvæðinu árið 2025. Samtökin bíða eftir svari úr Borgarsjóði hjá Reykjavíkurborg og Lýðheilsusjóði Embætti Landlæknis. Samtökin óska eftir 850.000 kr styrk frá Kópavogsbæ.

Kær kveðja,

Svala Jóhannesdóttir

Formaður Matthildar, samtaka um skaðaminnkun

Verkefnastjóri Matthildarteymis